

Mættir: Sólrún Jóna, Birgitta, Sigrún Eva, Trostan, Gunnar, Guðríður, Arnar Freyr og Kristvina sem ritaði fundargerð.

1. Rætt um framkvæmdir við skólann. Farið yfir það sem fram kom á fundi með sveitarstjóra og sveitarstjórnarfulltrúa um framkvæmdir á svæðinu á næstunni. Leikskóli í útboði og á það verk að ganga hratt. Ekki er gert ráð fyrir miklum framkvæmdum við skólahúsnæði á þeim framkvæmdatíma. Farið yfir fundargerð Byggðaráðs frá 27.mars. Þar kom fram að til stendur að laga glugga á vesturhlið hússins. Rætt um hvað sé í mestum forgangi. Talið æskilegt að koma því á dagskrá að húsið verði málað og að þakrennur verði lagaðar. Lagt upp með að koma því á fjárhagsáætlun. Í framhaldi var rætt um félagsmálaaðstöðu og loftræstingu þar. Hún átti að koma í vor en er ókomin. Vifta átti að koma í haust.
2. Skólaslit 31. maí, minnt á að verðlaunaflokkum hafi verið fækkað í fyrra. Rætt um heppilega tímasetningu skólaslita. Það var talið heppilegt að mörgu leyti að hafa þau klukkan 17 og þá gæfist gott næði til þess að hafa kaffi á eftir.
3. Valgreinar. Farið yfir tilgang með valgreinum og hvaða möguleikar eru í stöðunni. Talið gott að fá hugmyndir frá nemendum að vori um áhugasvið. Rætt um mikilvægi þess að hafa verkgreinar eins tengdar við raunveruleikann og mögulegt er. Gaman fyrir nemendum að sjá verk sem standa áfram og hafa hagnýtt gildi. Því fagnað að atvinnulífið hafi áhuga á því að styrkja verkgreinakennslu og talið mikilvægt að leggja áherslu á að rækta þau tengsl.

Önnur mál:

Skóladagatal næsta vetrar hefur enn ekki verið tekið fyrir hjá fræðslunefnd svo það telst ekki samþykkt

Kveikjum neistann kynning hér á morgun í setustofunni kl. 16:15, allir velkomnir

Næsti fundur í maí.